



## Opinn fundur í Urðarbrunni 14. febrúar 2019

Kristinn Þorsteinsson (KÞ) bauð alla velkomna um leið og hann hóf fundinn.

KÞ byrjaði fundinn á því að tala um umgengni og hvatti allta til að hjálpast að. Einnig nefndi hann að sérstakur opinn fundur verður síðar á önninni sem mun þá eingöngu fjalla um þær breytingar sem þriggja anna kerfi hefur í för með sér.

Fríða Gyfjadóttir og Tinna Ösp Arnardóttir kynnti Imbruna 26. og 27. febrúar. Þær hvöttu alla til að skrá sig á viðburði. Sumir viðburðir kosta og takmarkaður fjöldi kemst að. Sýnt var kynningarmyndband fyrir Imbruna. Þemað verður „hinsegin dagar“.

Forsvarsmenn leikfélagsins kynntu sýninguna sem frumsýnd verður í lok Imbru, Clueless. Það vantar sárlega sviðsmenn og þeir sem hafa áhuga á því eru beðnir að senda skilaboð á facebook. Það fást einingar fyrir þessa vinnu.

Atburðir á næstunni:

- Árshátíðin 27.02  
Byrjar með fordrykk kl. 18.
- Gettu betur 15.02  
FG keppir við FSu í sjónvarpssal. Tilmæli til þeirra sem ætla að mæta í sjónvarpssal að mæta eigi síðar en 19:30.
- Söngvakeppni 10.03  
FG og MK taka höndum saman og halda söngvakeppni í Salnum í Kópavogi
- Skíðaferð 13. – 15.03 til Akureyrar  
Í ferðina komast 70 nemendur og kostnaður verður um kr. 11.000.

Boðið var upp á spurningar úr sal:

- Hvað komast margir með í skíðaferðina á Imbrudögum?  
Um það bil 60 nemendur.
- Þemað á árshátíðinni?  
Það er ekki gerð krafa um sérstakan klæðnað en skreytingar verða í anda Hollywood.
- Sagt var frá að nemendakortin virka ekki alltaf.  
Leiðbeiningar gefnar hvernig hægt er að lagfæra það.

Fundi slitið.

Fundarritari, Kristín Helga